

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 20/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/540 frá 21. janúar 2020 um leiðréttingu á pólsku útgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) 2015/208 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar kröfur um notkunaröryggi fyrir ökutæki vegna viðurkenningar á ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 41. lið (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/208) í II. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 0540**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/540 frá 21. janúar 2020 (Stjtið. ESB L 121, 20.4.2020, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/540, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 121, 20.4.2020, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Clara Ganslandt***

*formaður.*

ÓOPINBER ÞÝÐING